

AUGLÝSING

um umferð í Hvolhreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hvolhrepps eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Hvolhreppi.

1. Umferð um Nýbýlaveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Króktúni, Norðurgarði, Öldugerði, Litlagerði og Stóragarði, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðalaga.
 2. Umferð um Suðurlandsveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Dufpaksbraut, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1982.

Sýslumaður Rangárvallasýslu, 27. ágúst 1982.

Böðvar Bragason.

30. september 1982.

Nr. 575.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hafnarfirði. Þó er bæjarstjórn heimilt að veita undanþágur til hundahalds, ef lögregluþyriföld eða hjálparsevitir sækja um leyfi til að halda hunda vegna löggæslu- eða leitarstarfa eða hins vegar að blindir menn sækja um leyfi til að halda hunda sér til leiðsagnar, enda liggi þá fyrir umsögn læknis.

2. gr.

Lögreglu og heilbrigðisfulltrúa er heimilt að handsama hunda, sem eru án leyfis í bænum, og tekur lögreglan ákvörðun um, hvað gert skuli við slíka hunda.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, en varðhaldi séu sakir miklar. Með mál, er rísa kunna vegna brota, skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi frá og með 1. mars 1983 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1982.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.